

Sp. **384. Tillaga til þingsályktunar** [200. mál]
um samkeppni um teikningar af opinberum byggingum.

Flm.: Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, þar sem kveðið skal á um, að efna skuli að jafnaði til samkeppni um teikningar af opinberum byggingum.

Greinargerð.

Með lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, er kveðið á um, hvernig fara skuli með áætlanagerð og verklegan undirbúning opinberra framkvæmda, svo og framkvæmdina sjálfa, yfirstjórn o. fl.

Sú veigamikla regla er bundin fastmælum í lögum þessum, að öll verk skuli að jafnaði unnin skv. tilboði á grundvelli útboðs. Sú leið hefur verið farin í vaxandi mæli hér á landi, bæði af einkaaðilum og opinberum, sveitarfélögum og ríkissjóði og hefur gefið svo góða raun, að verksamningar skv. reikningi tíðkast ekki nema undir sérstökum og óvenjulegum kringumstæðum. Hér er um eðlilega og æskilega þróun að ræða.

Að öðru jöfnu tryggir samkeppni, eins og útboðin fela í sér, hagkvæmari tilboð, betri og hraðari vinnu og virkara skipulag á undirbúningi, framkvæmd og úttekt verksins.

Einn þáttur í undirbúningi verklegra framkvæmda hefur þó gleymzt, þegar sett voru lög, ákvæði um útböð. Er þar átt við teiknivinnuna sjálfa, hugmyndasamkeppnina að gerð, útliti og nýtingu viðkomandi mannvirkis. Engum ætti þó að blandast hugur um mikilvægi þessa þátta undirbúningsins.

Nú í vetur hafa farið fram umræður um þessi mál í sambandi við væntanlega byggingu Þjóðarbókhlóðu í Reykjavík. Íslenzkir arkitektar hafa sett fram óskir um, að efnt yrði til samkeppni um teikningar af þessari byggingu. Jafnframt því sem þeir héldu fram, að umrædd bygging gæfi sérstakt tilefni til slíkrar hugmyndasamkeppni, þá voru óskir þeirra byggðar á þeirri skoðun, sem hér er sett fram, að eðli málsins samkvæmt sé það sjálfsgöð regla að viðhafa samkeppni, útböð á teikningum, í samræmi við aðra þætti framkvæmdarinnar.

Þessum óskum og um leið rökum arkitektanna hefur nú verið hafnað, og með bréfi, dags. 8. febr. s. l., hefur menntamálaráðherra tilkynnt Arkitektafélagi Íslands, að með tilliti til allra aðstæðna og málavaxta sé ósk um samkeppni um teikningu af Þjóðarbókhlóðu hafnað. Ráðuneytið tekur fram, að það sé almennt hlynt samkeppni um teikningar af opinberum byggingum.

Fyrir liggur, að Þjóðhátíðarnefnd, sem átti frumkvæði að hugmyndinni um byggingu Þjóðarbókhlóðu, í tilefni 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar, hefur mælt með því, að efnt yrði til hugmyndasamkeppni um bygginguna. Arkitektar hafa eindregið sett fram ósk um hugmyndasamkeppni, og upplýst hefur verið, að litlar sem engar viðræður hafa farið fram við ýmsa þá aðila, sem koma til með að hafa afnot fyrir nefnda bókhlóðu.

Það er skoðun flutningsmanns, að ákvörðun ráðuneytisins sé engan veginn réttlætanleg og í heild sé nefnd málsmeðferð óeðlileg og óþörf.

Mörg og gild rök liggja til þess, að í lögum um opinberar framkvæmdir verði kveðið á um skyldu til að efna til samkeppni um teikningar af opinberum byggingum að vissum skilyrðum og aðstæðum uppfylltum, enda sé það í fullu samræmi við þá stefnu, sem tekin er í lögnum að öðru leyti.

Vakin hefur verið athygli á, að nauðsynleg skipulagningarstarfsemi, „programering“, þarf ætíð að liggja fyrir, ef vel á að vera, og útböð í samkeppni ætti að vera trygging fyrir því, að þessum þætti undirbúnings væri í rauninni lokið, þegar til útböðs kemur. Á því hefur hins vegar orðið misbrestur eins og nú er.

Með samkeppni má einnig tryggja, að fleiri en ein mismunandi lausn komi á viðfangsefninu, og væri þá unnt að gera samanburð og átta sig á valkostum og hugmyndum.

Hér á Íslandi er nú starfandi allstór hópur innlendra arkitekta, sem eru bæði vel menntaðir og ágætlega hæfir í störfum sínum. Flutningsmaður telur eðlilegt, nú, þegar fram eru settar ákveðnar óskir af hálfu Arkitektafélags Íslands, að tillit sé tekið til þeirra sjónarmiða og framgangur þeirra verði tryggður með þeirri laga-breytingu, sem hér er gerð tillaga um.

Máli þessu til stuðnings má geta þess, að Norðurlandaráð hefur beint tilmælum til aðildarþjóða um að beita sér almennt fyrir hugmyndasamkeppni um opinberar byggingar, og í bréfi ráðuneytisins frá 8. febr. s. l. er heinlínis tekið fram, að ráðuneytið telji æskilegt að kanna, hvort ekki sé unnt að setja reglur um samkeppni um teikningar á opinberum byggingum.

Það er sannfæring fjölmargra aðila, að með þessu máli sé ekki aðeins gengið til móts við þá þróun, sem orðið hefur hvað snertir útböð verka, heldur muni slík hugmyndasamkeppni allajafna leiða til fallettri og betri bygginga hér á landi og vera í samræmi við heiðarleg og lýðræðisleg vinnubrögð.

Öllum er ljóst, að ekki er unnt að koma útböði við undir öllum kringumstæðum, bæði vegna sérkenna verkefnisins, tímaskorts, einhæfni byggingar eða annarra ástæðna, og verði því að kveða nánar á um fyrirkomulag þessara mála í reglugerð. Lögð er þó áherzla á, að höfð séu nán samráð við Arkitektafélag Íslands, þegar þau skilyrði verða ákveðin.